

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. Að stöðubann verði við norður- og suðurkant Skothúsvegjar frá Suðurgötu að Fríkirkjuvegi.
2. Að stöðubann verði við suðurkant Njarðargötu frá Þórsögötu að Eiríksgötu.
3. Að stöðubann verði við vesturkant Orrahóla frá Krummahólum að bílastæði í suðurenda götunnar og við austurkant frá innkeyrslu að Orrahólum 7 að Norðurhólum.
4. Að stöðubann verði í Flúðaseli beggja vegna götunnar frá Seljabraut vestur fyrir Fjarðarsel og að beygju í Flúðaseli.

Stöðubannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11.

5. Að einstefna verði á Bergstaðastræti til norðurs frá Skólavörðustíg að Laugavegi.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 5. júlí 2013.

Stefán Eiríksson.

B-deild – Útgáfud.: 19. júlí 2013